

Rammaáætlun
c/o Orkugarður
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Eystra-Geldingaholti 1 3. maí 2010

Athugasemdir Sigbrúðar Jónsdóttur 170562-5859 við Rammaáætlun

Þær forsendur sem gengið er út frá eru takmarkaðar og geta ekki leitt til sátta um vendun og nýtingu orkuauðlinda Íslands.

Ekki er tekið inn í dæmið áhrif hugsanlegra mannvirkja á samfélög og manneskjur en nú þegar hefur mikill félagslegur skaði og samfélaglegur klofningur orðið vegna orkunýtingar landsins. Í Rammaáætlun er ekki farið í gegnum þau áhrif.

Einnig tel ég rangt að taka inn í þetta mat friðuð svæði. Það er ámælisvert að eyða fjármunum og tíma í slíkt, einungis til að láta aðra orkunýtingakosti líta betur út til samanburðar.

Þegar á heildina er litið tel ég að náttúra Íslands sé vanmetin að verðleikum í skýrslunni og útagangpunktar rangir frá byrjun, þ.e. að horf sé meira til nýtingar heldur verndunar. Læðist að mér sá grunur að ítök verk- og tæknifræði hafi þar undirtökin á kostnað náttúruvísinda, félagsvísinda, siðfræði og heimsspeki. Við slíkt er ekki hægt að una.

Ég vil sérstakleg benda á varðandi Norðlingaölduveitu að hversu smátt miðlunarlón yrði sett þar þá hefði þar veruleg áhrif á marga þætti semnú sulu taldir upp:

Farið yrði inn á nýtt svæði með stórt mannvirki. Svæðið vestan Þjórsár er austasti hlutinn af mjög stóru víðerni á miðhálandi Íslands. Hin mikli friður sem þar ríkir yrði rofinn og hin fágæta upplifun að vera á einu stærsta víðerni Evrópu þar með.

Minnt skal á að Eyvafen og Eyvaenskrókur eru hluti af hinum eiginlegu Þjórsárverum. Samheitið Þjórsárver er aðeins 60 ára gamalt en þetta svæði, vestan ár, var áður kallað „fyrir innan Sand“ eða „Langaleit“. Það átti líka við Eyvafen, Eyvafenskrókinn og Hnífárver. Það er því ekki rétt að skilja þessi svæði að.

Stórfossar Þjórsár í óbyggðum; Kjálkaversfoss, Dynkur og Gljúfurleitarsfoss yrðu truflaðir og skertir.

Aðkoma að friðlandinu í Þjórsárverum yrði trufluð. Stækkun friðlandsins þannig að það tæki einnig yfir gljúfur Þjórsár og þar með fossana þrjá yrði ómöguleg.

Gönguferðir með Þjórsá neðan Þjórsárvera og suður í Gljúfurleit hafa notið æ meiri vinsælda síðustu árin og ljóst er að þar eru gríðarlega miklir möguleikar til útivistar í framtíðinni.

Síðustu árin hefur orðið vakning meðal almennings til að njóta útivistar í náttúru landisins og því eru fjölmargir staðir sem menn eiga enn efir að „uppgötva“ sem áhugaverða staði til að heimsækja. Má þar nefna gönguferðir og reiðtúra meðfram Þjórsá í byggð. Svæðið er stutt frá höfuðborginni og þangað er fært árið um kring. Hér er einungis eitt dæmi um ónotið tækifæri í landinu bæði fyrir fólk sem kys að njóta landins og tækifæri fyrir heimamenn til að skapa atvinnu.